

# STARFSLEYFI

Framleiðsla á laxi í sjókvíum

**Arnarlax ehf.,**  
**Arnarfirði**  
Lögheimili:  
Strandgötu 1, 465 Bíldudal,  
Kt.: 580310-0600

## 1 ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Arnarlax ehf., kt. 580310-0600, fyrir sjókvíaeldi í Arnarfirði. Arnarlax ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. [Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.]<sup>1</sup>

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

[Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 10.000 tonn.]<sup>2</sup> Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þeirra svæða sem tilgreind er í viðauka 1 og 2. Starfsleyfið nær til þriggja sjókvíaeldissvæða í Arnarfirði.

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í kynslóðaskiptu eldi í sjókvíum á þremur sjókvíaeldissvæðum með eftirfarandi takmörkunum:

#### Sjókvíaeldissvæði A

Samanstendur af eldissvæðunum Haganesi og Steinanesi.

#### Sjókvíaeldissvæði B

Samanstendur af eldissvæðum við Tjaldaneseyrar og Hlaðsbót.

<sup>1</sup> Breyting 2020

<sup>2</sup> Breyting 2020

### Sjókvíaeldissvæði C

Samanstendur af eldissvæðum við Hringsdal og Kirkjuból.

Eldið er að jafnaði á tveimur sjókvíaeldissvæðum í senn og að loknu því tímabili eru eldissvæðin hvíld samanber gr. 3.2 í starfsleyfi.

Fjarlægðamörk milli eldissvæða skulu vera samkvæmt 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

## 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

## 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

## 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð, meðhöndlun og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun reksturs og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megji út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

## 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef burðarþolsmat svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breytingar verða á áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið, [viðurlög]<sup>3</sup> og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu skv. 1. mgr. 60. greinar laganna.

[Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.]<sup>4</sup>

Umhverfisstofnun getur lagt stjórnvaldssektir á rekstraraðila sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og VI. í viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt grein 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2 STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu endurskoðuð á a.m.k.

<sup>3</sup> Breyting 2020

<sup>4</sup> Breyting 2020



fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið.

## 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olúúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á eldiskvíum, lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

## 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

## 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.



## 2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

## 2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið og/eða vöktunaráætlun gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) á hverjum tíma sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

## 3.2 [Hvíldartími]<sup>5</sup>

[Hvert eldissvæði skal hvíla í a.m.k. 90 daga á milli eldislota (frá lokum slátrunar).

Þrátt fyrir lágmarks hvíld eldissvæða skv. 1. mgr. getur Umhverfisstofnun einhliða frestað útsetningu eftir hvíld, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði/eldissvæði að mati Umhverfisstofnunar. Lýsa skal ferlum sem leitt geta til annars hvíldartíma en skv. 1. mgr. í vöktunaráætlun rekstraraðila samanber grein 5.1.

Hvíldartími getur þó ekki orðið styttri en sem nemur hvíldartíma samkvæmt rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna.]<sup>6</sup>

## 3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

<sup>5</sup> Breyting 2020

<sup>6</sup> Breyting 2020

### 3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr [10,0 kg /tonn af lífmassaaukningu]<sup>7</sup> á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Þá hefur rekstraraðili heimild til að nota eldisnætur sem litaðar eru með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð. Heimildin er bundin skilyrði um vöktun kopars í umhverfinu skv. grein 5.1. Rekstraraðili hefur ekki heimild til að lita nætur á eigin vegum.

### 3.5 Eldiskvíar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fódurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fódurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfseminni í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal nota upplýsingar sem fást með umhverfisvöktun, sbr. 5. kafla., til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía. Þéttleiki í kví skal ekki vera meiri en 25 kg/m<sup>3</sup>.

### 3.6 Lífríki og flokkun vatns

[Starfsemin er í vatnshloti nr. 101-1384-C<sup>8</sup>.]<sup>9</sup> Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi eldissvæðanna í firðinum hvað varðar líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. grein 1.6 ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

### 3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ.

### 3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum.

### 3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

<sup>7</sup> Breyting 2020. Áður stóð 20kg/tonn af framleiddum fiski.

<sup>8</sup> Vatnshlotanúmer eru skilgreind skv. III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og er flokkunin aðgengileg á Vatnavefsjónni (vatnshlota vefsja) Veðurstofu Íslands.

<sup>9</sup> Breyting 2020



### 3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættá á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

### 3.11 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.9 um lífbrjótanlegan úrgang.

### 3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6 og 2.7.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hættá á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

## 4 INNRA EFTIRLIT

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- lífmassaukningu og afföll
- fódurnotkun, fódurnýtingu og fóðurgerð
- magn og gerð hreinsi- og sótthreinsiefna
- kvartanir vegna starfseminnar
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3
- staðsetningu og lífmassa á hverjum stað
- niðurstöður vöktunarmælinga
- losun næringarefna
- lyfjagjöf m.a. vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif)
- útsetningu seiða (lífmassa og dagsetning)
- tilkynningu um slátrunartíma úr kvíum
- [notkun á koparlituðum nótapokum]<sup>10</sup>

---

<sup>10</sup> Breyting 2020

## 4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður vöktunarmælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6. Rekstraraðili skal árlega skila inn þeim umhverfisupplýsingum sem honum ber skylda til, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

Vöktunarniðurstöðum skal skila árlega fyrir 1. maí í gagnagátt Umhverfisstofnunar undir stjórn vatnamála.

## 4.3 [Umhverfisupplýsingar]<sup>11</sup>

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum í samræmi við reglugerð nr. 990/2008 um ústreymisbókhald og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

# 5 UMHVERFISVÖKTUN

## 5.1 Vöktunaráætlun

[Vöktunaráætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni og endurskoðuð reglulega. Vöktunaráætlunin skal gera ítarlega grein fyrir hvíldartíma og vera í samræmi við áætlun sem lögð hefur verið fram varðandi hvíldartímabreytinguna.]<sup>12</sup>

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera samkvæmt staðlinum ÍST ISO 12878 og samþykktum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum<sup>13</sup> og gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Taka skal mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, m.a. „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og síðari viðbótum um vöktun sjókvíaeldis, og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Endurskoða skal vöktunaráætlun óski Umhverfisstofnunar eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfisvottunum eða umhverfisstjórnunarkerfi.

## 5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt gr. 5.1 eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

---

<sup>11</sup> Breyting 2020

<sup>12</sup> Breyting 2020

<sup>13</sup> Samkvæmt lögum 36/2011 um stjórn vatnamála



## 6 FLOKKUN STARFSEMNI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, starfsemi B, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila og gildir til 15.02.2032.

Greinargerð vegna útgáfunnar fylgir starfsleyfi í fylgiskjali I. Greinargerð vegna breytingarinnar má finna í fylgiskjali II.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík 16. september 2020<sup>14</sup>

Umhverfisstofnun



Sigrún Agústsdóttir

Forstjóri



Steinar Rafn Beck


Sérfræðingur

---

<sup>14</sup> Leyfið var fyrst gefið út 15.02.2016

## Viðauki 1

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.



Á kortinu má sjá staðsetningar eldissvæða (gulir og grænir reitir) í starfsleyfi. Hér að neðan í viðauka 2 má sjá hnit eldissvæða í starfsleyfinu.



## Viðauki 2

Staðsetningar fyrir fiskeldi rekstraraðila sbr. viðauka 1

Helti	Staðsetning – hnít eldissvæða	Meðaldýpi m
Haganes	65°40.210N – 23°32.730V 65°40.720N – 23°33.770V 65°41.240N – 23°33.440V 65°41.030N – 23°33.810V	64
Tjaldaneseyrar	65°45.420N – 23°33.620V 65°45.160N – 23°31.750V 65°44.950N – 23°34.080V 65°44.600N – 23°32.090V	85

Steinanes	65°40.89N -23°28.00V 65°40.61N -23°28.42V 65°40.48N -23°27.68V 65°40.65N -23°27.32V	64
Hringsdalur	65°44.46N - 23°47.47V 65°44.77N - 23°46.86V 65°44.19N - 23°45.06V 65°43.92N - 23°45.47V	57
Hlaðsbót	65°46.152N - 23°42.247V 65°46.406N - 23°41.993V 65°46.194N - 23°40.053V 65°45.771N - 23°40.340V	87
Kirkjuból	65°45.628N - 23°50.524V 65°45.808N - 23°50.102V 65°46.224N - 23°51.120V 65°46.018N - 23°51.552V	63

## Viðauki 3

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara sbr. gr. 3.2.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að skila eigi ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.3 er ákvæði um að skiladagar fyrir umhverfisupplýsingar og útstreymisbókhalld.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.



## Fylgiskjal I

**Greinargerð vegna athugasemda á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögu fyrir Arnarlax ehf.**

### **-Viðbrögð Umhverfisstofnunar**

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir Arnarlax ehf. á tímabilinu 11. nóvember 2015 til 4. janúar 2016. Frestur til að senda inn umsagnir var framlengdur að beiðni nokkurra aðila. Fresturinn var því framlengdur til 18. janúar 2016.

### **Umsagnir sem bárust og viðbrögð Umhverfisstofnunar**

Stofnuninni bárust athugasemdir við starfsleyfistillöguna á auglýsingatíma frá eftirfarandi aðilum: Ara Wendel, Fjarðalaxi, Landssambandi fiskeldisstöðva, Landssambandi veiðifélaga, NASF, Skipulagsstofnun, Óttari Yngvasyni og Veiðifélagi Laxár á Ásum.

Nokkur atriði komu ítrekað fram í umsögnum. Í fyrsta lagi var í umsögnum gagnrýnt hlutfall lífmassa og framleiðslumagns sem talið var of hátt. Í öðru lagi komu fram athugasemdir sem vörðuðu umhverfisáhrif eldisins á lífríkið í firðinum og ábyrgð stjórnvalda þar. Í þriðja lagi voru gerðar athugasemdir við umhverfisvöktun þ.e. að hún sé á ábyrgð fyrirtækisins. Einnig voru gerðar athugasemdir við fjarlægðir milli eldissvæða og nærliggjandi laxveiðiár.

Hér á eftir fylgir stuttur útdráttur úr umsögnum og viðbrögðum Umhverfisstofnunar við þeim:

o Umsögn barst frá Skipulagsstofnun en þar er bent á að stofnunin hafi fengið ábendingar varðandi framsetningu á hámarkslífmassa fyrirhugaðs eldis í matskýrslu Arnarlax ehf. Í matskýrslunni kemur fram að árlega þurfi tæplega 15.000 tonna lífmassa til að framleiða 10.000 tonn af sláturfiski. Bent er á að almennt verði tvær kynslóðir í eldi á sama tíma (tvö eldissvæði) nema á tímabilinu maí til ágúst þegar lokið er við slátrun á einu eldissvæði á sama tíma og seiði eru sett út á öðru. Í ljósi þess sé hámarkslífmassinn ætíð í lok árs, sem samanstandi af tveimur árgöngum en ekki þremur. Bent er á að í töflu 5.6 og á mynd 5.5 í matskýrslunni sé hins vegar hámarkslífmassi þriggja eldissvæða lagður saman, þó hann myndist á mismunandi tímum ársins, sem samanlagt gefi 15.000 tonn. Bent er á að hið rétta sé að lífmassi verði í hámarki í lok hvers árs þegar tvö eldissvæði séu í notkun, sem samtals gefi tæp 10.000 tonn að hámarki, þ.e. að hlutfall framleiðslu af hámarkslífmassa verði um það bil 1:1. Undir þessi atriði taka bæði Landsamband fiskeldisstöðva og Fjarðalax ehf.?? sem benda á að samkvæmt reynslu á eldi á Vestfjörðum þá sé eðlilegt að notast við hlutfallsstuðulinn 1:1.

o Einnig bendir Skipulagsstofnun á að við meðferð málsins vegna mats á umhverfisáhrifum hafi komið fram að endurnýjun sjávar og þar með súrefnis í botnlagi Arnarfjarðar er takmörkuð og í nóvember geti súrefnisstyrkur í dýpsta hluta fjarðarins orðið það lágur að botndýralífi sé hættu búin. Fram kom að Hafrannsóknastofnun leggur áherslu á að fylgst verði stöðugt með

Síða 13 af 22



súrefnisstyrk og botndýralífi og því þyrfti að fylgjast vel með og gera mælingar á súrefnisstyrk í botnlagi. Þá er bent á að fyrirtækið ætti að byggja vöktun sína á staðlinum ISO 12878.

- Umhverfisstofnun tekur þessi atriði til greina og gerir breytingu á auglýstri starfsleyfistillögu og vöktunaráætlun til samræmis við þessar athugasemdir. Gerð hefur verið breyting á grein 1.1 og 1.2 þar sem notast er við 1:1 hlutfall framleiðslumagns og lífmassa í eldi. Starfsleyfið gildir því fyrir 10.000 t framleiðslu/lífmassa á ársgrundvelli. Í grein 1.6 er bætt við málsgrein sem segir til að endurskoða megi leyfið ef burðarþol fjarðarins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar. Einnig er gerð krafa um súrefnismælingar í vöktunaráætlun stöðvarinnar.

- o Umsögn barst frá Landssambandi fiskeldisstöðva (LF) en þar var einnig bent á hlutfall framleidds magns og lífmassa. Umsögnin er af sama meiði og sú frá Skipulagsstofnun og bent er á reynslu af eldi á Vestfjörðum er varðar þennan stuðul.

- Umhverfisstofnun hefur brugðist við þessu atriði, sjá svar við umsögn Skipulagsstofnunar hér að ofan.

- o Umsögn barst frá Fjarðalaxi ehf.?? þar sem bent var á hlutfall framleidds magns og lífmassa. Umsögnin er sambærileg við þær sem bárust frá Skipulagsstofnun og LF.

- Umhverfisstofnun hefur brugðist við þessu atriði, sjá svar við umsögn Skipulagsstofnunar hér að ofan.

- o Umsögn barst frá Óttari Yngvasyni fyrir hönd Veiðifélags Haffjarðarár. Í umsögninni er vísað til 2. mgr. 75. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar kemur fram að hlutverk Umhverfisstofnunar sé að hafa eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spilt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri. Þar er einnig vísað til 2. gr. laga nr. 60/2013 b og c liði sem fjalla um verndun vistgerða og varðveislu tegunda ásamt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi um að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og nýtingu þeirra. Í umsögninni er einnig vísað í skyldur stjórnvalda samkvæmt 73. gr. EES-samningsins og tilskipun 2011/92/ESB um umhverfismál þar sem fjallað er um verndun umhverfisins og nýtingu náttúruauðlinda af varúð og skynsemi. Einnig er bent á skyldur stjórnvalda til að uppfylla alþjóðasamninga og er þar sérstaklega minnst á Árósasaminginn og Bernarsamninginn. Í umsögninni er bent á að eingöngu er til bráðabirgðamat fyrir burðarþol í firðinum og samkvæmt LENKA mati þá sé burðarþolið mun lægra en bráðabirgðamat Hafrannsóknastofnunar. Í umsögninni er einnig bent á að mikil mengun hljótist af eldi í firðinum sem hafi gríðarleg áhrif á lífríkið ásamt mikilli hættu á erfðamengun í villta laxastofna á svæðinu. Einnig er gerð athugasemd við að fyrirtækið uppfylli ekki skyldur um skil á gögnum um reksturinn og hafi fengið áminningu. Þá er bent á einstök atriði í starfsleyfinu:



- Heimild til að færa reksturinn til nýs aðila án útgáfu nýs leyfis (1.1)
  - Yfirfærsla á ábyrgð komi til yfirfærslu á rekstrinum (1.2)
  - Staðsetning óleyfileg vegna fjarlægðarmarka (1.3)
  - Upplýsingaskylda vegna slysasleppinga og óhappa (1.8)
  - Rekstraraðila verði gert að taka ábyrgðartryggingu (1.9)
  - Eftirlit á höndum leyfishafa (4 og 5)
- Umhverfisstofnun telur rétt að benda á að varúðarregla sem vísað er til í 9. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, gildir í þeim tilvikum þegar tekin er ákvörðun á grundvelli þeirra laga. Ákvarðanir um útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi er tekin á grundvelli laga nr. 7/1999 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um mengandi starfsemi. Umhverfisstofnun bendir á að þegar um er að ræða annars konar ákvarðanir en þær sem byggja á náttúruverndarlögum þá gildir samt sem áður varúðarregla sem óskráð meginregla. Hafa þannig verði gerðar ýmsar varúðarráðstafanir í löggjöf sem varða fiskeldi. Umhverfisstofnun bendir einnig á að með auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimil hafi stjórnvöld mótað ákveðna stefnu er varðar verndun villtra fiskistofna við Ísland. Samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008 gefur Matvælastofnun út rekstrarleyfi til fiskeldis. Þar kemur fram að Matvælastofnun geti áður en leyfi er veitt aflað umsagna Fiskistofu, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Í 14. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi kemur einnig fram að jafnframt skal í rekstrarleyfi fyrir laxeldi í sjókvíaeldi kveðið á um skyldu til notkunar erfðavísa þannig að unnt sé að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva. Einnig skal í rekstrarleyfi kveða á um skyldu til utanáliggjandi merkingar á eldislaxi í sjókvíaeldi samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að um þennan þátt var fjallað í mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Þar kom fram að í Selárdalsá er að finna náttúrulegan laxastofn en í öðrum ám ekki, þó þar veiðist lax að einhverju leyti. Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að ef eldisfiskur, sem er kynþroska, sleppur úr eldi Arnarlax sé hætta á að hann freisti uppgöngu í nærliggjandi ár, þar með mögulega Selárdalsá. Selárdalur er í mynni Arnarfjarðar og flestar aðrar ár í firðinum í styttri fjarlægð frá eldissvæðum en Selárdalsá. Skipulagsstofnun telur í áliti sínu að líklega sé minni hætta en meiri á því að strokulax úr eldi leiti í umtalsverðum mæli í Selárdalsá umfram aðrar ár í Arnarfirði. Því telur Skipulagsstofnun að áhrif á laxastofn í Selárdalsá geti orðið nokkuð neikvæð.



Skipulagsstofnun telur því að við leyfisveitingu þurfi að setja þau skilyrði að eldisbúnaður Arnalax uppfylli sambærilegar kröfur og settar eru í staðlinum NS 9415:2009. Það er á forræði Matvælastofnunar að setja slíkar kröfur í rekstrarleyfi fyrir fiskeldi.

- Samkvæmt 8. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 þá er burðarþol unnið af Hafrannsóknarstofnun eða öðrum aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknarstofnunar og skal burðarþol fylgja umsókn um rekstrarleyfi. Umhverfisstofnun bendir á að burðarþolsmátið hefur verið notað í mati á umhverfisáhrifum og er einnig til grundvallar álit Skipulagsstofnunar. Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að lífrænn úrgangur frá fyrirhuguðu eldi muni safnast upp á botni undir sjókvíum og næsta nágrenni þeirra og því verði áhrif á ástand sjávar talsvert neikvæð á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum og neikvæð á innihald uppleystra næringarefna sjávar á stærra svæði út frá eldiskvíum. Því verði neikvæð áhrif á botndýralíf talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Eldið sé ekki líklegt til að fara yfir burðargetu Arnarfjarðar sem er metið 20.000 tonn. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í greinum 4.2 og 5.1 í starfsleyfinu er ákvæði þar sem gerð er krafa um umhverfisvöktun á botni vegna uppsöfnunar mengandi efna og nánar útfært í vöktunaráætlun stöðvarinnar.
- Þann 2. september 2013 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nefnd til að fjalla um leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi. Í skýrslu nefndarinnar sem kom út í júní 2014 komu fram ýmsar tillögur m.a. þær að skipaður verði starfshópur með fulltrúum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar auk fulltrúum ráðuneytanna til að vinna að framgangi eftirlits með uppsöfnun úrgangs undir og við eldiskvíar. Starfshópnum er m.a. ætlað það að undirbúa að tekinn verði upp ISO staðallinn 12878 og viðmiðanir skilgreindar fyrir heimilað lífrænt álag undir og við eldiskvíar og jafnframt viðbrögð við frávikum. Umhverfisstofnun hefur skrifað og sent umhverfis- og auðlindaráðuneyti bréf dags. 9. desember 2014 þar sem vakin er athygli ráðuneytisins á þessu og jafnframt óskað eftir upplýsingum um það hvort skipa eigi starfshóp um innleiðingu umhverfisstaðalsins ISO 12878. Enn fremur hefur stofnunin lagt áherslu á að vinnu við innleiðingu vatnatilskipunar ESB verði haldið áfram þannig að treysta megi grunn álagsgreininga m.a. við fiskeldiseftirlit og meta þörf á aðgerðum en til þess að hægt sé að vinna viðmið um lífrænt álag þá þarf umrædd álagsgreining að liggja fyrir. Í greinargerð Umhverfisstofnunar um stöðu stjórnar vatnamála til vatnaráðs kemur fram að þann 1. janúar 2018 eigi fyrsta vatnaáætlun og fyrsta aðgerðaáætlun að vera tilbúin. Til þess að hægt sé að beita ISO staðlinum 12877 er nauðsynlegt að lokið verði við að setja viðmið um lífrænt álag í samræmi við framkvæmd laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.
- Umhverfisstofnun vinnur leyfisveitingu eins og áður segir í samræmi við lög nr. 7/1998 og reglugerð nr. 785/1999 en þar er kveðið á um heimildir til að færa reksturinn yfir á aðra aðila. Samkvæmt þeim heimildum þá færast allar ábyrgðir sem fram koma í starfsleyfi yfir á nýja aðilann. Rekstraraðilar geta sótt um slíka færslu til Umhverfisstofnunar sem tekur ákvörðun um færsluna en rekstraraðili getur ekki framselt sjálfur starfsleyfi sitt.

- Umhverfisstofnun bendir á að fjarlægðamörkin 5 km eru skilgreind sem lágmarks fjarlægð milli ótengdra aðila sbr. 4. gr. reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi og skal miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað (reglugerð 401/2012 hefur verið felld niður). Jafnframt er það Matvælastofnun sem getur beitt ákvæðinu en samkvæmt greininni getur Matvælastofnun að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun og að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva.

- Upplýsingaskylda vegna slysasleppinga og óhappa á sem tengjast slysasleppingum heyrir ekki undir starfsleyfi Umhverfisstofnunar heldur rekstrarleyfi Matvælastofnunar og tilkynningar til Fiskistofu. Í reglugerð um fiskeldi kemur eftirfarandi fram:

- 3. mgr. 30. gr. „Hafi rekstrarleyfishafi vitneskju eða ætti að hafa vitneskju um frávik á búnaði eða þjónustu sem gætu leitt til slysasleppinga skal hann tafarlaust setja í gang eigin verkferla til að koma í veg fyrir eða draga úr slysasleppingum. Tilkynna skal um frávik til Matvælastofnunar og til framleiðanda eða þjónustuaðila.“

- Almennt á við um slysasleppingar eða óhöpp sem geta leitt til slysasleppinga 37. gr. reglugerðarinnar: „Rekstrarleyfishafi, sem missir fisk úr fiskeldisstöð skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.....“

o Hvað varðar ábyrgðartryggingu þá bendir Umhverfisstofnun á að það atriði heyrir undir útgáfu rekstrarleyfis Matvælastofnunar. Samkvæmt 14. gr. laga 71/2008 um fiskeldi þarf öllum nýjum rekstrarleyfum vegna sjókvíaeldis að fylgja ábyrgðartrygging:

- „Fyrir útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaeldis skal umsækjandi leggja fram sönnun þess að hann hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi. Ábyrgðartrygging takmarkast við að greiða þann kostnað sem til fellur við að fjarlægja búnað sjókvíaeldisstöðvar sem hætt hefur starfsemi, viðgerð á búnaði, hreinsun eldissvæðis og nauðsynlegar ráðstafanir vegna sjúkdómahættu, sbr. 21. gr. b. Ábyrgðartrygging skal gilda út gildistíma rekstrarleyfis og í tvö ár að gildistíma loknum.

o Fyrirtækið hefur fengið eina áminningu vegna skila á útstreymisbókhaldi og hefur fyrirtækið brugðist við henni með því að standa skil á þeim upplýsingum sem þeim ber til Umhverfisstofnunar. Vegna annarra athugasemda er bent á svar við umsögn frá Óttari Yngvasyni.

Umsögn barst frá Landssambandi veiðifélaga (LV) þar sem leyfisveitingunni er mótmælt og bent á að eldið stofni villtum laxfiskum í stórfellda hættu og þá sér í lagi laxastofni í Selárdalsá. Bent er á að slíkt komi fram í álit frá Skipulagsstofnun. LV bendir á að hvergi er fjallað um hvert sé ásættanleg hlutfall fiska sem sleppa en bent er á skráningar erlendis þar sem fjórfalt til fimmfalt fleiri fiskar sleppi en tilkynnt er um. Þá er einnig bent á mikla hættu á erfðamengun vegna slysasleppinga ásamt sjúkdómum sem fylgja slíku eldi. LV leggur fram þá kröfu að í starfsleyfi sé sett skilyrði um að eingöngu sé leyft að ala geldstofn í sjókvíaeldi. Líkt og í umsögn frá Óttari





Yngvasyni er vísað í náttúruverndarlögin og varúðarregluna. LV leggst eindregið gegn útgáfu leyfisins.

- Umhverfisstofnun hefur ekki heimild til að gera kröfu á fiskeldisfyrirtæki að þau notist eingöngu við geldfisk. Mikilvægt er þó að mati stofnunarinnar að móta frekar stefnu í fiskeldismálum þar sem komið væri inn á notkun geldfisks þegar ala á norskan eldislax í sjókvíum.

- o Umsögn barst frá Veiðifélagi Laxár á Ásum (VLÁ) þar sem fjallað var um þrjú atriði er snúa að leyfisveitingunni. Gerð er athugasemd við fjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva en samkvæmt umsögninni þá uppfyllir fyrirtækið ekki lágmarks fjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva samkvæmt 3.gr reglugerðar 401/2012 um fiskeldi sem kveður á 5 km milli eldissvæða.

- Umhverfisstofnun vísar í svar sitt hér að ofan við umsögn frá Óttari Yngvasyni.

- o Gerð er athugasemd við að lögbundin skilyrði samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 er varðar burðarþol séu ekki uppfyllt þar sem bráðabirgðamat fyrir Arnarfjörð liggur eingöngu fyrir.

- Sjá svar við umsögn frá Óttari Yngvasyni.

- o Gerðar eru athugasemdir við eldi almennt þar sem bent er á að slíkt valdi umhverfistjóni ásamt hættu á erfðamengun við villta stofna laxfiska. Samhljómur er við þær athugasemdir er koma fram í umsögn Óttars Yngvasonar og LV.

- Umhverfisstofnun bendir á svar hér að ofan við áður komnum athugasemdum.

Umsögn barst frá North Atlantic Salmon Fund (NASF) þar sem útgáfu starfsleyfisins er harðlega mótmælt. Líkt og í umsögnum frá Óttari Yngvasyni, LV og VLÁ er vísað í greinar í náttúruverndalögnum (sjá umsögn Óttars Yngvasonar) er varða áhrif á náttúru og umhverfi. Í umsögninni er bent á hættu á erfðamengun ásamt annarri mengun sem hlýst af slíku eldi. Þá er bent á hættu vegna sjúkdóma og laxalúsar sem geti haft mjög slæm áhrif á stofna villtra laxfiska. Ákvæði er snýr að framsali leyfisins er einnig mótmælt og bent á að fyrirtækið hafi ekki staðið við skilyrði starfsleyfis sem þegar er í gildi.

- Sjá svar við umsögn frá Óttari Yngvasyni.

Umsögn barst frá Ara Wendel fyrir hönd landeigenda í Arnarfirði. Í umsögninni er bent á fjögur atriði:

- o Gerð er athugasemd við fjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva en samkvæmt umsögninni þá uppfyllir fyrirtækið ekki lágmarks fjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva samkvæmt 3.gr reglugerðar 401/2012 um fiskeldi sem kveður á 5 km milli eldissvæða.

- Sjá svar við umsögn frá Óttari Yngvasyni.

- o Gerð er athugasemd við hættu vegna laxalúsar líkt og kemur fram í áliti frá Skipulagsstofnun er varðar vöktun á lúsinni og viðbragðsáætlun í samræmi við smítalag. Bent er á að engin töluleg viðmið séu sett er varað laxalúsina og að hún geti haft veruleg og neikvæð áhrif

Síða 18 af 22



á villta laxfiska í firðinum. Leyfi verði ekki gefið út nema með tölulegum viðmiðunarmörkum ásamt ítarlegum vöktunar- og viðbragðsáætlunum.

- Leyfisveiting er háð þeim skilyrðum er fram koma í lögum 71/2008 um fiskeldi, en ekkert þar segir til um viðmiðunarmörk. Lágur sjávarhiti í firðinum ætti að draga úr smitálagi vegna laxalúsar og þar með minnka líkur á neikvæðum áhrifum eldisins á náttúrulega stofna laxfiska í Arnarfirði samkvæmt álit Skipulagsstofnunar. Eldið er árgangaskipt sem á að draga úr hættu á smitálagi og með markvissri vöktun er hægt að fylgjast með og bregðast við slíkri hættu. MAST sér um eftirlit með laxalús og getur sett viðmið í rekstrarleyfi til að bregðast við slíkri hættu.

- o Bent er á að samkvæmt álit Skipulagsstofnunar eigi að stýra hvíld eldissvæða eftir raunástandi eldissvæða en ekki kemur fram hver slík viðmið eru. Samkvæmt leyfinu ber rekstraraðili sjálfur ábyrgð á mælingum er lúta að dýralífi ásamt súrefnismælingum og eru sett spurningarmerki við þá framkvæmd. Einnig er farið fram á að leyfið verði ekki gefið út þar sem ekki liggur fyrir fullnaðar burðarþolsmat og engin viðmið séu gefin vegna súrefnisstyrks og annara mengunarþátta er varða eldið. Eftirlit verði á höndum óháðs eftirlitsaðila.

- Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum þá er eftirlit með fiskeldi á höndum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar sem eru óháðir aðilar. Umhverfisstofnun þarf að samþykka þá aðila sem framkvæma þær rannsóknir sem um ræðir. Mælingar og vöktun umhverfisþátta eru unnar af Náttúrustofu Vestfjarða. Í álit Skipulagsstofnunar koma fram upplýsingar um hver hættumörk eru er varða súrefnisstyrk (3 ml/l) og verður miðað við þau mörk í umhverfisvöktun sem fram fer á vegum Náttúrustofu Vestfjarða undir eftirliti eftirlitsaðila. Umhverfisstofnun mun miða við þessi mörk við vinnslu vöktunaráætlunar sem er háð samþykki stofnunarinnar.

- o Gerð er athugasemd við þá mengun sem eldið komi til með að valda bæði sjónræna og einnig vegna saur- og fóðurleifa á nærliggjandi strandir. Í því samhengi er bent á að samkvæmt Nýtingaráætlun Arnarfjarðar er strandsvæði Ketildala skilgreint sem útivistarsvæði og því gangi eldið þvert á þá áætlun. Farið er fram á að útgáfu leyfisins verði frestað þar til ítarlegt mat á mögulegri strand- og sjónmengun vegna eldisins liggur fyrir.

- Í álit Skipulagsstofnunar er fjallað um þá þætti er snúa að mengun hafs og stranda. Ekki er talin hætta á að strandir í nágrenninu verði fyrir mengun þar sem megnið af saur og fóðurleifum sökkvi til botns. Neikvæð mengun vegna eldisins verða að mati Skipulagsstofnunar á takmörkuðu svæði nærri eldisstað vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs á botni. Dregið er verulega úr slíkum áhrifum með hvíld eldissvæða. Einnig er bent á að verið er að vinna löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða sem marka á nánari stefnu um samræmingu ólíkrar nýtingar á þeim svæðum.

- o Þá er bent á að hlutverk Umhverfisstofnunar sé að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.



- Umhverfisstofnun vinnur innan þess ramma sem stofnuninni er settur í lögum og reglugerðum. Í starfsleyfi og í vöktunaráætlun er tekið á þeim þáttum sem fram komu í mati á umhverfisáhrifum og kröfur settar á fyrirtækið bæði hvað varðar heildarlífsmassa og hvíld svæða þannig að þau nái að hreinsa sig og neikvæð áhrif af eldinu nái að ganga til baka. Unnið hefur verið burðarþolsmat í Arnarfirði af Hafrannsóknastofnun sem segir að óhætt sé að leyfa allt að 20.000 tonna eldi í firðinum á ári, með þeim hætti að heildarlífsmassi á hverjum tíma verði aldrei meiri en 20.000 tonn. Með útgáfu starfsleyfis fyrir Arnarlax þar sem hámarkslífsmassi er bundinn við 10.000 tonn þá er framleiðsla í firðinum ennþá undir burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar. Vöktun á umhverfisáhrifum starfseminnar mun svo nýtast Hafrannsóknastofnun við endurskoðun burðarþolsmatsins og er ákvæði um það í starfsleyfi Arnarlax að ef forsendur burðarþolsmatsins breytast þá sé hægt að grípa til aðgerða hvað varðar hámarkslífsmassa í firðinum.



## Fylgiskjal II

### Greinargerð vegna vinnslu breytingar á starfsleyfi Arnarlax ehf. í Arnarfirði

#### 1. Almenn

Arnarlax ehf., (kt: 580310-0600) Strandgötu 1, 465 Bíldudal sótti um breytingu á gildandi starfsleyfi í Arnarfirði þann 9. janúar 2020 sem fól í sér styttingu á hvíldartíma. Gildandi starfsleyfi gerði ráð fyrir hvíldartíma allt að 6-8 mánuði og var það sá tími sem gert var grein fyrir í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á sínum tíma. Breytingin gerir ráð fyrir að hvíldartími sé að lágmarki 90 dagar nema að vöktun og rannsóknir eldissvæða við hámarks álag gefi til kynna að hvíla þurfi lengur. Breytingunni felur einnig í sér uppfærslu á tilvísunum í lög og reglugerðir ásamt lagfæringum til samræmis við nýrri starfsleyfi sem gefin eru út af Umhverfisstofnun. Breytingar aðrar en uppfærsla á tilvísunum í lög og reglugerðir frá gildandi starfsleyfi eru settar í hornklofa. Ekki er um að ræða breytingu á umfangi eldisins.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfi, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun á tímabilinu 12. júní til og með 13. júlí 2020. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 12. júní ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send rekstraraðila, til viðkomandi sveitarfélaga til heilbrigðiseftirlits Vestfjarða f.h. heilbrigðisnefndar og á aðra hagsmunaaðila sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

#### 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun hefur unnið starfsleyfi þar sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið lagt til grundvallar leyfisveitingu. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi, við útgáfu leyfis til framkvæmdar, kynna sér gögn framkvæmdaraðila og leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar til grundvallar.

Skipulagsstofnun mat það svo með ákvörðun þann 11. desember 2019 að breytingin þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Var það mat stofnunarinnar eftir að hafa kallað eftir umsögnum frá Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun vegna breytingarinnar.

Umhverfisstofnun gerði þá kröfu á rekstraraðila að til að hægt væri að fara í slíka styttingu þyrfti að liggja fyrir ítarleg rannsókn á eldissvæði við lok slátrunar og lögð yrði fram áætlun ef hvíla þyrfti lengur en lágmarks hvíld segir til um. Rekstaraðili lagði fram viðbragðsáætlun þar sem tilgreind eru eldissvæði sem mögulegt verður að nota í stað eldissvæða sem uppfylla ekki skilyrði um ástand botns. Endanleg útfærsla á viðbragðsáætlun rekstraraðila er því sú að ákvörðun um útsetningu verður tekin eftir að niðurstöður úr botnsýnarannsókn, sem framkvæmd er þegar lífmassi er í hámarki, berast. Reynist ástand botns við hámarkslífmassa mjög gott eða gott mun rekstaraðili geta sett seiði út að nýju á eldissvæði eftir 90 daga hvíldartíma. Reynist ástand hvorki mjög gott né gott verður tekin ákvörðun um aðgerðir í samráði við Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun metur það svo að áhrif af breyttum hvíldartíma muni fyrst og fremst felast í auknu álagi á botndýralíf og ástand sjávar á tilteknum svæðum sem og mögulega aukinni hættu á að fisksjúkdómar og sníkjudýr nái fótfestu í eldiskvíum með mögulegum áhrifum á villta laxfiska í nágrenni fiskeldis. Er það mat





stofnunarinnar að sú vöktun og þær aðgerðir sem rekstraraðili muni fara í komi breyttur hvíldartími ekki til með að valda verulegum óafturkræfum umhverfisáhrifum.

### 3. Athugasemdir

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma vegna breytinganna.

### 4. Breytingar frá auglýstir tillögu

Breyting hefur verið gerð á grein 2.2 frá auglýstri tillögu þar sem setningunni „Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið“ hefur verið bætt inn. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á auglýstri tillögu.

### 5. Gildistaka

Umhverfisstofnun hefur eftir yfirferð og í samræmi við málsmeðferðarreglur tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis, sbr. umsókn rekstraraðila um breytingu á starfsleyfi og fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem koma fram í starfsleyfinu.